

NÁMSMARKMIÐ FYRIR STIGSPRÓF Í TÓNLISTARSKÓLANUM Í FELLABÆ

Tónlistarskólum er í sjálfsvald sett hvort námi er skipt niður á stig.

Tónlistarskólinn í Fellabæ leggur þó áherslu á að allir nemendur taki stigspróf á námsleiðinni, hvort heldur er stemmt á lengra eða styttra nám. Stigspróf hjálpa nemendum og kennurum að sjá hvar nemandi er staddur í náminu og próftaka er aldrei af nemendum tekin og þeir öðlast reynslu í að koma fram.

Prófdæming stigsprófa innan skólans er í höndum annara kennara skólans eða fengnir eru kennarar úr öðrum skólum til að dæma prófin. <http://profanefnd.is/>

Áfangapróf eru tekin að loknum I., II., (grunnpróf) IV., (miðpróf) VI., (framhaldspróf) og sér prófanefnd tónlistarskóla um skipulag þeirra.

Grunnpróf kemur í stað III. stigs, miðpróf í stað V. stigs og náminu lýkur með framhaldsprófi sem kemur í stað VII. stigs.

Uppfylla þarf sérstakar kröfur til að hægt sé að taka áfangapróf og þá er mjög gott að nota stigsprófin til undirbúnings, bæði til að venja nemendur við að taka próf og einnig að þeir sjái árangur af náminu.

PRÓFKRÖFUR FYRIR STIGSPRÓF Í KLASSÍSKU OG RYTHMISKU HLJÓÐFÆRANÁMI.

I. stig.

Nemandi undirbúi tvö ólík verk sem kennari velur og eina æfingu/lag, (próf A) þar af minnst 1 verk utanbókar. Nemandi leiki tónstiga og æfingar sem mælt er með fyrir hvert hljóðfæri í I. stigi. Óundirbúin nótnalestur sem hæfir I. stigi.

II. stig.

Nemandi undirbúi tvö verk sem kennari velur og eina æfingu/lag, (próf B) þar af minnst 2 verk utanbókar. Nemandi velji að auki eitt verk sem valverkefni. (sjá kröfur um valverkefni) Hafa skal í huga hvað af upptöldu hæfir hverju hljóðfæri. Nemandi leiki tónstiga og æfingar sem mælt er með fyrir hvert hljóðfæri í II. stigi. Á hljómborðshljóðfæri (píanó og hljómborð) þarf hér eftir að leika tónstiga með báðum höndum. Óundirbúin nótnalestur sem hæfir II. stigi.

IV. stig.

Nemandi undirbúi þrjú verk sem kennari velur og eina æfingu/lag, (próf B) þar af minnst 3 verk utanbókar. Nemandi velji að auki eitt verk sem valverkefni. (sjá kröfur um valverkefni) Hafa skal í huga hvað af upptöldu hæfir hverju hljóðfæri. Nemandi leiki tónstiga og æfingar sem mælt er með fyrir hvert hljóðfæri í IV. stigi. Óundirbúin nótnalestur sem hæfir IV. stigi.

VI. stig.

Nemandi undirbúi þrjú verk sem kennari velur og eina æfingu/lag, (próf C) þar af minnst 3 verk utanbókar. Nemandi velji að auki eitt verk sem valverkefni. (sjá kröfur um valverkefni) Hafa skal í huga hvað af upptöldu hæfir hverju hljóðfæri. Nemandi leiki tónstiga og æfingar sem mælt er með fyrir hvert hljóðfæri í VI. stigi. Óundirbúin nótnalestur sem hæfir VI. stigi.

Valverkefni í hljóðfæraleik.

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna.

- a. Spuni eða eigin út-eða hljómsætning
- b. Nemandi flytji frumsamið verk
- c. Nemandi flytji lag í öðrum tónlistarstíl

PRÓFKRÖFUR FYRIR STIGSPRÓF Í KLASSÍSKU SÖNGNÁMI.

I. stig.

Nemandi undirbúi 4 ólík verk og æfingar að auki samkvæmt námskrá. Eitt verk er fyrir fram ákveðið af kennara, nemandi velur síðan eitt verk og prófdómari eitt verk til flutnings á prófi. Óundirbúin nótnalestur. (próf 1)

II. stig.

Nemandi undirbúi 5 ólík verk og æfingar að auki samkvæmt námskrá. Eitt verk er fyrir fram ákveðið af kennara, nemandi velur síðan eitt verk og prófdómari eitt verk til flutnings á prófi. Í 2.stigs prófi er valverkefni, þar sem nemandi velur verk er hæfir stiginu. (sjá kröfur um valverkefni) Óundirbúin nótnalestur. (próf 2)

IV stig.

Nemandi undirbúi 8 ólík verk og æfingar að auki samkvæmt námskrá. Tvö verk eru fyrir fram ákveðin af kennara, nemandi velur síðan eitt verk og prófdómari tvö verk til flutnings á prófi. Í 4.stigs prófi er valverkefni, þar sem nemandi velur verk er hæfir stiginu. (sjá kröfur um valverkefni) Óundirbúin nótnalestur. (próf 4)

VI stig.

Nemandi undirbúi 10 ólík verk og æfingar að auki samkvæmt námskrá. Tvö verk eru fyrir fram ákveðin af kennara, nemandi velur eitt verk og prófdómari tvö verk til flutnings á prófi. Í 6.stigi er valverkefni, þar sem nemandi velur verk er hæfir stiginu. (Sjá kröfur um valverkefni) Óundirbúin nótnalestur. (próf 4)

Valverkefni í klassískum söng.

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna.

- a. Syngi frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- b. Syngi án undirleiks alþýðulag eða þjóðlag sem lært hefur verið eftir eyra.
- c. Syngi lag í öðrum tónlistarstíl en þeim sem önnur próflög eru í, með eða án undirleiks.

PRÓFKRÖFUR FYRIR STIGSPRÓF Í RYTHMISKU SÖNGNÁMI.

I. stig.

Nemandi undirbúi 2 ólík verk sem kennari velur í samráði við nemanda auk þess tvö verk til viðbótar þar sem prófdómari velur annað til flutnings á prófi. Einnig skal nemandi undirbúa raddæfingar, tónstiga og hljóma í samræmi við kröfur. Óundirbúin nótnalestur. (próf 1)

II. stig.

Nemandi undirbúi 2 ólík verk sem kennari velur í samráði við nemanda auk þess fjöggra verka safnlista til viðbótar þar sem prófdómari velur eitt verk til flutnings á prófi. Einnig skal nemandi undirbúa raddæfingar, tónstiga og hljóma í samræmi við kröfur. Í 2.stigi skal nemandi velja eitt verk til flutnings að eigin vali. (sjá kröfur um valverkefni) Óundirbúin nótnalestur. (próf 2)

IV. stig.

Nemandi undirbúi 3 ólík verk flutt með hljómsveit/undirleik sem kennari velur í samráði við nemanda auk þess 10 verka safnlista til viðbótar þar sem prófdómari velur tvö verk til flutnings á prófi. Einnig skal nemandi undirbúa raddæfingar, tónstiga og hljóma í samræmi við kröfur. Í 4.stigi skal nemandi velja eitt verk til flutnings að eigin vali. (sjá kröfur um valverkefni) Óundirbúin nótnalestur. (próf 4)

VI. stig.

Nemandi undirbúi 3 ólík verk flutt með hljómsveit/undirleik sem kennari velur í samráði við nemanda auk þess 22 verka safnlista til viðbótar þar sem prófdómari velur tvö verk til flutnings á prófi. Einnig skal nemandi undirbúa raddæfingar, tónstiga og hljóma í samræmi við kröfur. Í 6.stigi skal nemandi velja eitt verk að eigin vali til flutnings. (sjá kröfur um valverkefni) Óundirbúin nótnalestur. (próf 4)

Valverkefni í rythmiskum söng.

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna.

- a. Nemandi flytji frumsamið verk.
- b. Nemandi flytji lag með eigin útsetningu.
- c. Nemandi velji verk samkv klassískri námskrá.